

Jafnlaunastefna

Jafnlaunastefna þessi gildir fyrir embætti lögreglustjórans á Suðurnesjum og kveður á um markmið og aðgerðir til að tryggja starfsfólki embættisins þau réttindi varðandi launajafnrétti sem kveðir er á um í lögum nr. 150/2020 um jafna stöðu og jafnan rétt kynjanna.

Embættið greiðir laun eftir umfangi og eðli starfa og taka mið af þeim kröfum sem störf gera óháð kyni. Forsendur launaákvæðana eru að þær séu í samræmi við kjara- og stofnanasamninga, studdar rökum og tryggi að sömu laun séu greidd fyrir sambærileg eða jafnverðmæt störf. Ef í ljós kemur óútskýrður kynbundinn launamunur skal unnið að úrbótum þannig að laun verði ákveðin með sama hætti fyrir sömu eða jafnverðmæt störf óháð kyni.

Til þess að ná markmiðum stefnunnar skuldbindur embættið sig til að:

- Innleiða, skjalfesta og viðhalda vottuðu jafnlaunastjórnunarkerfi sem byggist á staðlinum ÍST 85.
- Flokka störf út frá þeim kröfum sem þau gera og framkvæma árlega launagreiningu þar sem borin eru saman sömu eða jafnverðmæt störf til að athuga hvort mælist óútskýrður kynbundinn launamunur innan embættisins.
- Kynna skal niðurstöður launagreiningar sem er til árlegrar úttektar fyrir starfsfólki nema persónuverndarhagsmunir mæli gegn því.
- Bregðast við ef kröfur eru ekki uppfylltar, með stöðugum umbótum og eftirliti.
- Framkvæma innri úttekt á öllum útgefnum skjölum sem tilheyra jafnlaunastjórnunarkerfi eigi sjaldnar en á þriggja ára fresti.
- Halda rýni stjórnenda árlega þar sem jafnlaunamarkmið eru sett fram og rýnd.
- Fylgja viðeigandi lögum, reglum og kjarasamningum sem í gildi eru á hverjum tíma og staðfesta hlítni árlega.
- Kynna jafnlaunastefnu árlega fyrir starfsfólki og hafa hana aðgengilega á ytri vef embættisins.

Jafnlaunastefna er jafnframt launastefna embættis Lögreglustjórans á Suðurnesjum. Lögreglustjóri ber ábyrgð á jafnlaunastjórnunarkerfi embættisins og fjármálastjóri er fulltrúi jafnlaunastjórnunarkerfis og skal starfsfólk leita til hans með athugasemdir eða fyrirspurnir.

Lögreglustjórinn á Suðurnesjum, útgefið 22.11.2021 – útgáfa 2.0